

Þriðjudaginn 11. júlí 1995.

Nr. 236/1995.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Magnúsi Björgvini Sveinssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 6. júlí 1995, um staðfestingu á ákvörðun sóknaraðila um, að varnaraðili, sem er í gæsluvarðhaldi til 4. ágúst nk., sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og aflétt verði framangreindum ráðstöfunum. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili ákvað, að varnaraðili skyldi sæta einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga á grundvelli 1. mgr. 16. gr., 1. mgr. 59. gr., 2. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 41. gr. reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Varnaraðila er heimilt að bera þessar ákvarðanir undir héraðsdóm, samanber 3. mgr. 108. gr. sömu laga.

Einangrun felur í sér bann við samneyti við aðra fanga, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 179/1992. Verður því ekki tekin sérstök ákvörðun um slíkt bann.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 1995.

Beiðni Magnúsar Björgvins Sveinssonar, sem móttekin var í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr í dag, er lögð fyrir dóminn á grundvelli 1. og 3. mgr. 108. gr., sbr. og 75. gr. laga nr. 19/1991, og var hún einnig tekin til úrskurðar fyrr í dag að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Magnús Björgvin Sveinsson gerir þá kröfu, að sú ákvörðun Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga, verði aflétt.

Rannsóknarlögregla ríkisins krefst þess, að staðfest verði, að Magnús Björgvin sæti einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga.

Magnúsi Björgvini Sveinssyni var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1995 gert að sæta gæsluvarðhaldi til 4. ágúst 1995. Samfara þeim úrskurði tók dómari ákvörðun um, að Magnús Björgvin skyldi sæta einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni, heimsóknarbanni og banni við samneyti við aðra fanga, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 5. júlí nk. 1995 kl. 16.00. Fram er komið, að Rannsóknarlögregla ríkisins afhenti fanga-vörðum í Síðumúlafangelsi vistunarseðil í gær, þar sem fyrirskipað var, að Magnús Björgvin sætti einangrun allt til 4. ágúst nk. kl. 16.00.

Beiðandi reisir kröfu sína á því, að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi hundsáð óáfrýjaða ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. júní sl. um tilhögun gæsluvarðhaldsvistarinnar, en rétt hefði verið, að hún óskaði eftir breytingu fyrir dómnum. Það sé grundvallarregla, að framkvæmdarvaldinu beri að framfylgja dómum og úrskurðum og ákvörðunum, sem lögmætir dómstólar ákveði. Þá hafi ekki verið sýnt fram á haldbær rök til framlengingar á einangrunarvist Magnúsar Björgvins, og beri því ákvörðun rannsóknarlögreglunnar keim af því, að verið væri að þvinga fangann til sagna.

Af hálfu beiðanda er á það bent, að samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 beri að forðast að beita fanga hörku og harðýðgi, en svo hafi verið gert í þessu máli.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður það réttan framgang, að hún taki ákvörðun um tilhögun gæsluvarðhaldsvistarinnar, sem gæsluvarðhaldsfanginn geti borið undir héraðsdóm. Þar eð ákvörðun dómara um einangrun Magnúsar Björgvins hefðu verið sett tímamörk, hefði rannsóknarlögreglan gefið út nýjan vistunarseðil um tilhögunina í gær, þegar einangrun var lokið samkvæmt áðurnefndri ákvörðun dómara.

Þá bendir rannsóknarlögreglan á, að rannsókn málsins sé mjög umfangsmikil og taki lengri tíma en ætla mætti, þar eð Magnús Björgvin hafi lítið

viljað tjá sig um sakarefnið. Enn þurfi að yfirheyra aðra menn vegna þessa máls, og enn sé þýfis leitað.

Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga heimilt að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara eftir ákvæðum 75. gr. sömu laga. Ákvæði 75. gr. heimila, að undir dómara verði borinn ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreiningur um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Verður því að telja, að ágreiningur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar Magnúsar Björgvins Sveinssonar hafi borist dóminum með þeim hætti, sem lög nr. 19/1991 mæla fyrir um.

Með vísan til rannsóknargagna ber að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að rannsókn máls þessa sé mjög umfangsmikil. Enn er eftir að ná til manna, sem yfirheyra þarf vegna rökstudds grunar um að hafa staðið að brotum með Magnúsi Björgvini, auk þess sem enn er ófundið mjög verðmikið þýfi.

Með vísan til alls framanritaðs þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tilhögun gæsluvarðhaldsvistar Magnúsar Björgvins Sveinssonar skal vera með þeim hætti, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ákveðið samkvæmt framansögðu.

---